

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *60. fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 10. okt. 2013, kl 9:15.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 7. okt.
3. Forsendur fjárhagsáætlunar 2014.
4. Bréf velferðarráðuneytis dags. 25. sept. vegna áforma um sameiningu heilbrigðisstofnana innan heilbrigðisumdæma.
5. Styrkbeiðni frá samtökunum Landsbyggðin lífi.
6. Fundargerð Félags- og menningamálanefndar dags. 2. okt.

Til kynningar:

Bréf Matvælastofnunar dags. 27. sept. vegna bólusetningar við garnaveiki í Skjálfandahólfi.

Mættir: Dagbjört Bjarndóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning.
Oddviti setti fund.

2. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 7. okt.

1. Deiliskipulag þéttbýlis Reykjahlíðar.

Tekið fyrir að nýju tillaga að deiliskipulagi þéttbýlis Reykjahlíðar. Á fundinn komu Árni Ólafsson arkitekt og Lilja Filippusdóttir landslagsarkitekt frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum og gerðu grein fyrir tillögum að deiliskipulagi þéttbýlis Reykjahlíðar sem þau eru með í vinnslu. Endurskoðuð tillaga í samræmi við umræður á fundinum ásamt drögum að greinargerð verði síðan lagðar fyrir næsta fund nefndarinnar 4. nóvember n.k.

2. Deiliskipulag Reykjahlíðar. Tillaga að deiliskipulagi og breytingu á aðalskipulagi.

Tekið er fyrir að nýju tillaga að deiliskipulagi Reykjahlíðar. Málið var síðast á dagskrá 17. sept. s.l. Brugðist hefur verið að nokkru leiti við athugasemdum sem nefndin gerði á þeim fundi.

Skipulags- og umhverfisnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að efna til almenns kynningarfundar um tillöguna í samræmi við 4. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2010.

Pétur Snæbjörnsson vék af fundi undir þessum lið.

3. Hverir austan Námafjalls. Aðal- og deiliskipulag.

Lögð fram til kynningar tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Skútstaðahrepps 2011-2023, er varðar verslunar- og þjónustusvæði við Hveri og tillaga að deiliskipulagi fyrir sama svæði.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við tillögurnar á þessu stigi og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að koma þeim sjónarmiðum sem rædd voru á fundinum á framfæri við skipulagsráðgjafana.

4. Fagradalsveita. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna lagningar hitaveitu.

Erindi frá Ingólfi Jónassyni f.h. Fagradalsveitu þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir hitaveitulögn frá dæluhúsi við Arnarvatn/Gautlönd að Hótel Laxá í Olnbogaás. M.f. er loftmynd sem sem sýnir fyrirhugaða lagnaleið.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að gefa út framkvæmdaleyfi þegar umsögn Umhverfisstofnunar og samþykki landeigenda liggur fyrir.

5. Dimmuborgarvegur, endurbygging. Umsókn um framkvæmdaleyfi.

Tekið fyrir erindi frá Gunnari H. Guðmundssyni f.h. Vegagerðarinnar þar sem óskað er eftir framkvæmdaleyfi til breikkunar og lagfæringa á Dimmuborgarvegi. Úrskurður Skipulagsstofnunar um hvort framkvæmdin teljist matskyld hefur ekki borist.

Skipulags- og umhverfisnefnd mælist til þess að Vegagerðin geri ráð fyrir göngu/hjólaleið á vegöxl meðfram veginum. Að öðru leiti leggur nefndin til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að gefa út framkvæmdaleyfið þegar lögformlegum skilyrðum hefur verið fullnægt.

6. Björk. Umsókn um stöðuleyfi fyrir vinnubúðaeiningar.

Tekið er fyrir erindi frá Þórhalli Kristjánssyni, þar sem hann sækir um stöðuleyfi til eins árs fyrir allt að 16 vinnubúðaeiningar í krika sunnan við Hrossaborg austan við Sandatún. M.f. er mynd sem sýnir fyrirhugað geymslusvæði.

Skipulags- og umhverfisnefnd getur ekki fallist á erindið þar sem svæði það sem hér um ræðir er ekki skilgreint sem geymslusvæði á samþykktu aðalskipulagi, og mælist til þess við umsækjanda að hann finni annað svæði þar sem gert sé ráð fyrir slíkri starfsemi.

7. Stækkun Kröfluvirkjunar. Deiliskipulag.

Tekið fyrir að nýju, en málið var áður á dagskrá á fundi nefndarinnar 17. sept. s.l. Deiliskipulagstillagan var auglýst frá og með 2. apríl til og með 14. maí 2013 en sveitarstjórn framlengdi athugasemdafrest til 20. júní. Athugasemdir bárust frá Landeigendum Reykjahlíðar ehf. Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni, Landvernd og Framtíðarlandinu.

8. Grímsstaðir 4. Umsókn um stofnun íbúðarhúsalóðar.

Erindi frá Brynjólfi Steingrímssyni þar sem hann sækir um að stofnuð verði lóð undir íbúðarhús á jörðinni Grímsstaðir 4, skv. m.f. loftmynd.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggst ekki gegn stofnun lóðarinnar en felur Skipulags- og byggingarfulltrúa að leita umsagnar Umhverfisstofnunar sbr. lög nr. 97/2004, áður en erindið verður endanlega afgreitt úr nefndinni.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar á liðum 2, 3, 4, 5, 6 og 8. Liður 1 þarfnast ekki ályktunar við og afgreiðslu á lið sjö er frestað til næsta fundar.

Guðrún María vék af fundi undir liðum 2, 3 og 7.

3. Forsendur fjárhagsáætlunar 2014.

Farið yfir forsendur fjárhagsáætlunar og þær ræddar.

4. Bréf velferðarráðuneytis dags. 25. sept. vegna áforma um sameiningu heilbrigðisstofnana innan heilbrigðisumdæma.

Með bréfi tilkynnir velferðarráðuneytið áform um sameiningu heilbrigðisstofnana innan heilbrigðisumdæma. Með lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og reglugerð um heilbrigðisumdæmi nr. 785/2008 er landinu skipt í sjö heilbrigðisumdæmi. Samkvæmt 5. gr. laganna getur ráðherra, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband ísl. sveitarfélaga, ákveðið að sameina heilbrigðisstofnanir innan heilbrigðisumdæmis með reglugerð. Frá gildistöku laganna hefur verið stefnt að því að innan hvers heilbrigðisumdæmis verði ein heilbrigðisstofnun sem veiti almenna heilbrigðisþjónustu í umdæminu. Enn vantar nokkuð á að markmiði um eina heilbrigðisstofnun í hverju heilbrigðisumdæmi hafi verið náð. Talið er að meginávinningur um sameiningu sé styrkari stjórn og aukið sjálfstæði heilbrigðisstofnana, hagkvæmni og betri, öruggari og sveigjanlegri þjónusta við íbúa eigi það ekki síst við í jaðarbyggðum.

Nái fyrrgreindar áætlanir fram að ganga munu heilbrigðisstofnanir á Blönduósi, Sauðárkróki, Fjallabyggð, Þingeyinga ásamt heilsugæslustöðvum á Dalvík og Akureyri verða sameinaðar í eina stofnun. Sveitarfélaginu er gefin kostur á að gera athugasemdir við fyrirhugaða sameiningu.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps leggst alfarið gegn boðaðri sameiningu heilbrigðisstofnana á Norðurlandi. Ekki hefur verið sýnt fram á að nefnd sameining skili sér í betri þjónustu við íbúa jaðarbyggða né að þjónustan verði sveigjanlegri með því að færa stjórnunina fjær notendum heldur þvert á móti sýnir reynslan annað. Þá átelur sveitarstjórn að velferðarráðuneytið skuli „telja“ að svo viðamikil sameining heilbrigðisstofnana frá Blönduósi í vestr til Þórshafnar í austri hafi einhver ávinning í för með sér. Gera verður þá kröfu að Velferðarráðuneytið, ráðuneyti okkar allra, sýni framá eða komi með dæmi um hvaða þjónusta batni, hvar verður um aukið öryggi sjúklinga að ræða og ekki síst hver verður hinn fjárhagslegi ávinningur, áður en af stað verður farið. Í upphafi skyldi endinn skoða.

5. Styrkbeiðni frá samtökunum Landsbyggðin lifi.

Með bréfi dags. 2. okt. óska samtökin Landsbyggðin lifi eftir 100.000,- kr styrk frá sveitarfélaginu til að sinna grunnstarfsemi samtakanna, en markmið þeirra er að vera samstarfsvettvangur fyrir félög, áhugamannahópa og einstaklinga sem hafa það að markmiði að styrkja sína heimabyggð og byggð á landinu. Þar sem starfsemi samtakanna markast mjög af fjárhagsstöðu þeirra þá er nauðsynlegt fyrir félagið að fá styrki til að geta haldið starfinu áfram. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps sér, sér ekki fært að verða við erindinu.

6. Fundargerð Félags- og menningamálanefndar dags. 2. okt.

Í fyrsta lið fundargerðarinnar kemur fram að Bjarni Jónasson forstöðumaður IMS hafi mætt á fundinn og farið yfir starfsemina. Lögð var fram skýrsla yfir

ástand húsakosts og fyrirliggjandi viðhald mannvirkja. Komin er tími á viðhald potta, dúkinn í lauginni og steypuskemmdir á húsinu. Þá var rætt um starfsmannamál og opnunartíma. Nefndin lagði til að forstöðumaður forgangsraði brýnustu verkefnum.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að skipuðaður verði 3-5 manna vinnuhópur til að vinna áætlun um viðhald og starfsemi IMS til næstu 5 ára.

Í öðrum lið voru lögð fram drög að Menningarstefnu Skútustaðahrepps.

Nefndin lýsir ánægju sinni með stefnuna og leggur hana fyrir sveitarstjórn.

Nefndin er að leggja lokahönd á vinnu við úthlutunarreglur styrkja.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétursson,

Karl Emil Sveinsson,

Eyrún Björnsdóttir,

Friðrik K. Jakobsson.